



# AUGLÝSING UM STYRKI

## til sveitarfélaga vegna áskorana sem hafa fylgt COVID-19 faraldri í félagsþjónustu og barnavernd vorið 2020

### Um úthlutunina

Í fjárukalögum fyrir árið 2020, samþykktum á Alþingi 11. maí 2020 er veitt 30 m.kr. til að takast á við áskoranir sem fylgja COVID-19 í félagsþjónustu og barnavernd í dreifðustu byggðum landsins. Við úthlutun styrkja verður eingöngu horft til umsókna frá sveitarfélögum utan Hvíta-Hvítá svæðisins, þ.e. sveitarfélaga utan þéttbýlasta hluta landsins. Undanskilin eru þá sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, auk Akraness, Skorradalshrepps, Hvalfjarðarsveitar, Borgarbyggðar, Sveitarfélagsins Árborgar, Hveragerðis og Sveitarfélagsins Ölfuss.

Sveitarfélög sem hyggjast sækja um styrk þurfa að byggja umsóknir á málum sem lúta að skjólstæðingum með búsetu í dreifbýli eða byggðakjörnum með 1.500 íbúa eða færri m.v. 1. janúar 2020.

### Mat umsókna

Umsóknir eru metnar að stigum með tilliti til eftirfarandi mælikvarða og þá miðað við skilgreint svæði í sveitarfélaginu er liggur grundvallar umsókn sbr. ofanritað, nema í liðum 1 og 4 sem eiga við sveitarfélagið í heild:

1. Hlutfall íbúa sveitarfélags í sóttkví þegar mest var.
2. Hlutfallsleg aukning á fjölda mála hjá félagsþjónustu sveitarfélags á tímabilinu mars – maí miðað við meðaltal sömu mánaða árin 2017, 2018 og 2019.
3. Hlutfallsleg kostnaðaraukning vegna mála hjá félagsþjónustu sveitarfélags.
4. Hlutfallsleg aukning á atvinnuleysi í sveitarfélagi tímabilið mars-maí 2020 miðað við sömu mánuði árið 2019 samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar.

### Um umsóknir

Sveitarfélag sem sendir inn umsókn skal rökstyðja hana með vísan í ofangreind skilyrði þannig að það komi skýrt fram hvernig umsóknin skorar á tilgreinda mælikvarða með útreikningum þar að lútandi. Upphæð umsóknar taki mið af kostnaðarauka sem sveitarfélagið sýnir fram á fyrir tímabilið mars-maí 2020 samanborið við meðaltal þriggja síðastliðinna ára fyrir sama tímabil.

**Umsóknum skal skila eigi síðar en 1. september 2020 í gegnum umsóknargátt á heimasíðu Byggðastofnunar.**

